



860. fundur stjórnar GSÍ, 17. mars 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Gylfi Kristinsson, Gunnar Gunnarsson, Rósa Jónsdóttir og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð frá 17. febrúar s.l. og hún samþykkt og undirrituð.

2. Nýr starfsmaður GSÍ

Sigurður Elvar Þórólfsson nýráðinn útbreiðslustjóri sambandsins mætti til fundarins og var boðinn velkominn til starfa og óskað velfarnaðar í störfum.

Rætt var um þær áherslubreytingar sem samþykktar hafa verið varðandi útgáfu á tímaritinu Golf á Íslandi og samtengingu við golf.is, þar sem áherslan er á að efla golf.is sem upplýsingagátt golfhreyfingarinnar.

3. Golf.is

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu breytingar sem unnið er að á tölvukerfi sambandsins golf.is, en þar má fyrst telja breytingar á félagahluta kerfisins. Búið er að aftengja Felix, félagakerfi ÍSÍ frá golf.is og er nú félagahluti kerfisins alfarið unninn í gagnagrunni golf.is.

Þá er búið að útfæra nýjungar í rásskráningarkerfinu, þar sem í sumar verður möguleiki á að tengja kortaskanna við kerfið til að staðfesta mætingu og munu tveir til þrjár klúbbar taka þann hluta kerfisins í notkun þegar í sumar.

Samhliða áherslubreytingum í útgáfumálum er jafnframt unnið að breytingum á upplýsingahluta golf.is og er ætlunin að nýtt útlit á golf.is verði tekið í notkun í byrjun maí.

4. Áfrýjunardómstóll GSÍ

Stjórn GSÍ var upplýst um að lögð hefur verið fram áfrýjun á úrskurði dómstóls GSÍ uppkveðnum þann 23. febrúar 2015 í málinu nr. 1/2015, Steinunn Sæmundsdóttir gegn Gunnlaugi Elsusyni og Ástráði Þ. Sigurðssyni

Vegna meðferðar þess máls hefur Rúnar S. Gíslason dómsformaður gert stjórn grein fyrir breytingum á skipan í dómstólnum en Þórir Bragason varamaður mun taka þar sæti í stað Guðmundar Friðriks Sigurðssonar. Þá hefur dómsformaður óskað eftir að stjórn GSÍ tilnefni einn fulltrúa til viðbótar í dómstólinn þar sem Þorsteinn Sv. Stefánsson hefur óskað eftir að víkja sæti vegna persónulegra ástæðna. Stjórn sambandsins samþykkti að skipa Þórð Ingason landsdómara sem þriðja dómara í áfrýjunardómstólinn við meðferð þessa tiltekna máls.



5. Umsögn við þingsályktun um seinkun klukkunnar  
Forseti lagði fram greinagerð sem send var Velferðarnefnd Alþingis, þar sem GSÍ mótmælir að hluta tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar. Greinagerð GSÍ hefur fengið þó nokkra umfjöllun og athygli og hefur íþróttahreyfingin tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í greinagerðinni.
6. Umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt  
Að beiðni flutningsmanna frumvarps til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr.50/1988, voru frumvarpsdrögin send sársamböndum og íþróttafélögum og þau beðin um álit. Frumvarpið gengur út á að þjónusta og vörusala íþróttafélaga verði undanþegin virðisaukaskatti og að íþrotta- og ungmennafélögum verði endurgreiddur 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið af vinnu manna við nýbyggingu, endurbyggingu og viðhald. Samþykkt var að fela laganefnd, í samráði við framkvæmdastjóra, að skrifa umsögn í samræmi við umræður á fundinum.
7. Samráðsfundir GSÍ  
Lögð fram áætlun fyrir samráðsfundi GSÍ á vormánuðum 2015. Fyrsti fundurinn verður á Reykjanesi 14. apríl hjá GS og verður Austurland heimsótt þann 25. apríl. Framkvæmdastjóra, í samráði við forseta, var falið að skipuleggja fleiri heimsóknir.
8. Sjónvarpsmál og samningar við RÚV  
Fundað hefur verið með forystumönnum RÚV og 365 miðla þar sem leitast hefur verið eftir samstarfi um umfjöllun um golf í sjónvarpi og öðrum þeim miðlum sem fyrirtækin hafa yfir að ráða. RÚV hefur samþykkt að sýna beint frá Íslandsmótinu í golfi sem fram fer á Garðavelli í júlí og verður útsendingin með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þá verður sérstakur vikulegur þáttur um golf á RÚV. Samstarfsaðilar GSÍ munu koma að kostun á RÚV og er framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að framgangi málsins.
9. Íþróttaping 17.-18. apríl  
Lagt fram fundarboð um Íþróttaping 17.-18. apríl n.k. Samkvæmt samþykkt síðasta golfþings var stjórn GSÍ falið að velja fulltrúa á þingið og verða eftirtaldir aðilar fulltrúar sambandsins á þinginu:  
Haukur Örn, Birgisson, Gunnar Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson, Rósa Jónsdóttir, Jón Júlíus Karlsson, Gylfi Kristinsson og Kristín Guðmundsdóttir. Jafnframt voru tilnefndir sjö varafulltrúar.
10. Golf í grunnskólum  
Rætt var um með hvaða hætti væri hægt að efla kennslu á golfi í grunnskólum landsins. Í upphafi árs stóð GSÍ, í samstarfi við Magnús Birgisson golfkennara, að kynningu á golfíþróttinni í Íþrottafræðiskorum Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Mikilvægt er að koma golfíþróttinni inn í námskrá í íþróttakennslu grunnskóla, þannig að hvati verði fyrir skólana að verða sér úti um búnað til kennslunnar. SNAG golfbúnaðurinn hentar mjög vel fyrir skólakennslu og var rætt um með hvaða hætti GSÍ gæti stuðlað að



útbreiðslu þess búnaðar. Framkvæmdastjóra var falið að vinna að lausnum er miða að því að fá fyrirtæki í landinu til að gefa SNAG golfbúnað í grunnskóla í hverju sveitarfélagi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:00.